

Framkvæmdaneftir Samson eignarhaldsfélags ehf. um einkavæðingu,  
bt. Ólafs Davíðssonar,  
Forsætisráðuneytinu,  
Við Lækjatorg,  
150 Reykjavík

Reykjavík, 13. desember 2002

Efni: Niðurstaða áreiðanleikakönnunar Landsbanka Íslands hf.

Í Heads of Agreement milli Samson eignarhaldsfélags ehf. og framkvæmdaneftir Samson eignarhaldsfélags ehf. um einkavæðingu, sem undirritað var 18. október sl., vegna kaupa á 45,8% hlut í Landsbanka Íslands hf. voru fyrirvarar um að kaupin væru háð niðurstöðum áreiðanleikakönnunar.

Á fyrstu kynningu áreiðanleikakönnunar, 15. nóvember sl., komu fram vísbendingar að um verulegt frávik væri að ræða miðað við stöðu efnahagsreiknings Landsbankans þann 30. júní 2002, sem lagður var til grundvallar því verði sem kaupandi var tilbúinn að greiða. Þar kom einnig í ljós að Fjármálaeftirlitið og PricewaterhouseCoopers ehf., sem er ytri endurskoðandi bankans, hafa verið með ábendingar á þá leið að framlag í afskriftarreikning hefur verið í algjöru lágmarki. Niðurstaða áreiðanleikakönnunar ætti því hvorki að koma forráðamönnum bankans né seljanda á óvart.

Niðurstaða áreiðanleikakönnunar, sem kynnt var Samson fyrst í dag, staðfestir að frávik sé verulegt. Því er ljóst að styrkja þarf bankann tölувart með hlutafjáraukningu þar sem auknar gjaldfærslur munu veikja eigið fé bankans þannig að það verði undir markmiðum hans og tilmælum Fjármálaeftirlitsins. Til að Samson greiði USD 139,0 milljónir fyrir 45,8% eignarhlut þarf að mati félagsins að styrkja eigið fé bankans um amk. 2.500 mkr. í formi hlutafjárvíðboðs, t.d. þannig að hluta kaupverðs verði ráðstafað til að styrkja bankann. Þannig eiga kaupin að geta átt sér stað eins og að var stefnt.

Ef ágreiningsefni eru um mat á Landsbankanum er mögulegt að leita aðstoðar þriðja aðila, en í Heads of Agreement er tilgreint að fyrirtækið Fox, Pitt-Kelton megi vera kallað til að framkvæma áreiðanleikakönnun ef þörf sé á.

Þá viljum við benda á að sala bankans á hlutabréfum í VÍS hf. til S-hópsins, í miðju einkavæðingarferlinu, hefur lagt verulega af mörkum til hagnaðar ársins, en ekki var gert ráð fyrir sölunni í rekstraráætlun bankans fyrir árið 2002. Afkoma bankans á þessu ári er ófullnægjandi sé horft framhjá sölunni. Þó salan hafi tímabundið jákvæð áhrif þá hefur hún neikvæð áhrif á tekjur bankans til framtíðar auk þess sem hún kemur í veg fyrir þau áform sem Samson hafði um samspil trygginga og bankastarfsemi.

Í kjölfar kynningar á fyrstu drögum áreiðanleikakönnunarinnar ræddu eigendur Samson við þig, mánudaginn 18. nóvember sl., og óskuðu eftir svörum því hvernig framkvæmdaneftir Samson einkavæðingu myndi bregðast við þeim atriðum sem skýrslan sagði til um. Engin viðbrögð hafa borist við þeim atriðum sem rædd voru á fundinum. Sá dráttur sem orðið hefur á útgáfu skýrslunnar er afar óheppilegur og veldur tortrygggni bæði hjá kaupanda og á hlutabréfamarkaði.

Þar sem örfáir vinnudagar eru til áramóta þarf að hafa hröð handtök og því óskar Samson eftir tillögum frá framkvæmdaneftir Samson eignarhaldsfélags ehf. um einkavæðingu að aðgerðum fyrir kl. 18:00, mánudaginn 16. desember nk., en þá eru eingöngu sjö virkir dagar eftir til áramóta.

Virðingarfallst,  
f.h. Samson eignarhaldsfélags ehf.

